

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2009030080

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um fjórðu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009,

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770.

Með heimild í IV. ákvæði til bráðabirgða laga nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. i lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftifarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.)

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrilliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 5. apríl 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirsærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Ekki hafði reynst mögulegt að ljúka yfirsærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um væri að ræða flókið verkefni sem væri tímafrekara en ætlað var. Mikilvægt væri að vel tækist til og eðlilegt samráð væri haft við hlutaðeigandi aðila. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfirsærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 25. maí 2009 var talin þörf á frekari framlengingu á grundvelli sömu sjónarmiða. Þar sem enn eru tæknileg vandkvæði til staðar telur Fjármálaeftirlitið þörf á frekari framlengingu. Er því nú tekin eftifarandi ákvörðun um breytingu á 2. ml. 7. tl. fyrri ákvörðunar.

ÁKVÖRÐUN:

Stofnun dótturfélags, yfirsærsla eigna og útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal fara fram eigi síðar en kl. 17.00 föstudaginn 5. júní 2009.

Önnur ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

29. maí 2009

Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri